september 2010

# menning

## *Shakespeare þýddur upp á nýtt*

Tvö leikrit eftir William Shakespeare fara á fjalirnar í vetur í nýjum þýðingum þeirra Þórarins Eldjárns og Sölva Björns Sigurðssonar.

SÍÐA 2





## *Feneyjatvíæringurinn*

Anna María Bogadóttir var á arkitektúrsýningunni í Feneyjum, sem stendur nú yfir .

SÍÐA 6




SHARP
Pioneer
OLYMPUS
Nintendo
SAMSUNG
ERUM FLUTT AFTUR Í LÁGMÚLA 8, 2.hæð
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-15


ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




# KLIPPT OG SKORIÐ

Erró ræðir sýningu á klippiverkum sínum í Hafnarhúsinu og áhuga sinn á götulist.

Er þetta Canon," spyr Erró og þrífur myndavél Valgarðs ljósmyndara. „Allir með Canon sem ég hitti, enginn með Nicon. Á ég að fá mér Canon?" Erró vantar góða myndavél. „Bara til að taka myndir af myndunum þegar ég klára þær, það er allt og sumt." Valli segir að það sé ekki endilega myndavélin sem taki góðar myndir, heldur ljósmyndarinn.

Erró tók ekki myndir af klippiverkunum sem hann gerði í Myndlista- og handíðaskólanum seint á sjötta áratugnum og er búinn að gleyma hvernig þau líta út. Þau eru meðal verka á sýningu í Listasafni Reykjavíkur, þar sem sjá má ýmis klippiverk sem Erró hefur gert undanfarna fimm áratugi. Það er enn tæpur sólarhringur í opnun þegar við hittum Erró í Hafnarhúsinu. Erró er nýlentur og hefur ekki enn haft tækifæri til að skoða sýninguna. Hún er á hæðinni fyrir ofan.

Valli fer upp með honum.

FRAMHALD Á SÍÐU 10


HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI
Vönduð vara, gott úrval, áratuga reynsla.

SEPTEMBER TILBOÐ

OSO HOTWATER
Norskir ryðfríir hitakútar
Stærðir: 5-300 lítrar
WÖSAB
Olíufylltir rafmagnsofnar
Stærðir: 250W-2000W
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is